

Alþingi
Erindi nr. P 131/462
komudagur 6.12.2004



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 6. desember 2004

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 300. mál, fjárfestingar.

BSRB mælir með samþykkt frumvarpsins.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/461
komudagur 6.12.2004

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 03.12.2004
Tilv. 111
ÁSK


Efni: Umsögn um 300. mál (hlutdeildarskírteini)

Vísað er til frumvarps Alþingis til laga skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 300. mál.

Kauphöll Íslands telur mikilvægt að niðurstaða sé fengin um heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða. Kauphöll gerir hins vegar athugasemd við að beiðni efnahags- og viðskiptanefndar um samráð hafi ekki verið virt. Því hafi Kauphöllin ekki haft tækifæri til að koma að málinu en á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 27. apríl sl. mæltist nefndin til þess að fjármálaráðherra tæki málið til ítarlegrar skoðunar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands.

Viðingarfyllst,


Þórður Friðjónsson,
forstjóri.



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/549
komudagur. 7.12.2004

Fjármálaráðuneytið
Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri
Lindargötu, Arnarhvali
150 Reykjavík

Reykjavík, 25.10.2004
Tilv. 111
ÁSK

Efni: Ákvæði 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.fl.

Efnahags- og viðskiptanefnd tók fyrir á fundi sínum þann 27. apríl sl. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Við meðferð málsins urðu miklar umræður um rök með og móti á því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða væru skráð í kauphöll og um túlkun 36. gr. laganna varðandi þetta efni, sbr. nánar tiltekið 7. tl. 1. mgr. og 2.-3. mgr. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að leggja ekki til efnislegar breytingar á frumvarpinu er tækju til hlutdeildarskírteina heldur mæltist nefndin til þess að fjármálaráðherra tæki málið til ítarlegrar skoðunar í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands.

Forsaga málsins er í stuttu máli sú að Fjármálaeftirlitið gaf álit sitt á því hvernig túlka bæri ákvæðið sem gekk í þá áttina að fullnægjandi væri að undirliggjandi eignir verðbréfasjóða væru að 9/10 hlutum skráðar á skipulegum verðbréfamarkaði til að lífeyrissjóðum væri heimilt að fjárfesta í þeim án þess að það hefði áhrif á hlutfall óskráðra eigna. Túlkun Fjármálaeftirlitsins gekk þvert á þá túlkun sem hafði verið á markaðinum, þ.e. að hlutdeildarskírteini viðkomandi verðbréfasjóða þyrftu jafnframt að vera skráð á skipulegan verðbréfamarkað. Kauphöllin gerði því athugasemd við túlkun Fjármálaeftirlitsins sem fer að mati Kauphallarinnar gegn vilja löggjafans eins og hann kemur fram í lagatextanum. Kauphöllin og Fjármálaeftirlitið beindu því til efnahags- og viðskiptanefndar að taka af skarið með því að leggja til breytingar á lagatextanum þannig að öll tvímæli væru tekin af um efnið.

Kauphöllin óskar hér með eftir að Fjármálaráðuneytið taki afstöðu til framangreindrar niðurstöðu efnahags- og viðskiptanefndar frá 27. apríl sl. Jafnframt er vísað til bréf Rekstrarfélags Kaupþings Búnaðarbanka hf. frá 5. október sl. en ljóst er að álit Fjármálaeftirlitsins sem hafði í í för með sér breytta túlkun er helsta ástæða þess að Rekstrarfélagið hefur óskað eftir því að fjöldi verðbréfasjóða í umsjá félagsins verði afskráður úr Kauphöllinni. Mikilvægt er að tekið sé á málinu vegna þeirrar óvissu sem málið hefur í för með sér varðandi fjárfestingu lífeyrissjóða í verðbréfasjóðum.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef frekari upplýsinga er óskað um málið.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þ. Jónasson,
forstöðumaður lögfræðisviðs

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 300. mál, fjárfestingar.

Landssamtök lífeyrissjóða eru sammála þeim breytingum sem lagðar eru til á 1. málslíð 2. mgr. 36. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



DRÖG

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/416
komudagur 3.12.2004



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 300. þingmál.

Vísað er til bréfs frá Alþingi, dags. 23. nóvember 2004, þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 300. þingmál.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins telur að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu sé eðlileg og til bóta, enda er hún til þess fallin að skýra framkvæmd ákvæða laganna um fjárfestingar lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fúslega frekari upplýsingar ef eftir þeim verður leitað.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins


Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/560
komudagur 7.12.2004

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. desember 2004.

Umsögn laganefndar LMFÍ um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum. Þskj. 327 - 300. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 23. nóvember 2004, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/460
komudagur 6.12.2004

3. desember 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til laga um brt. á lögum nr. 129/1997, um starfsemi lífeyrissjóða (300. mál)

Visað er í bréf nefndarinnar dags. 23. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

SBV gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/543
komudagur 7.12.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS


Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2004

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (300. mál).

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verzlunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Verzlunarráðs Íslands,


Sigpróður Ármann

Póstáritun:
Verzlunarráð Íslands
Húsi verzlunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is